



Breyting á Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2010-2030

Skipulags- og matslýsing

Fráveitulögn Svartsengi og

Miðbæjarsvæði

September 2012





EFNISYFIRLIT

1	HELSTU VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR.....	3
2	FORSENDUR.....	3
2.1	Fráveitulögn:	3
2.2	Miðbæjarsvæði:	3
3	FYRIRLIGGJANDI STEFNA Í AÐALSKIPULAGI	4
	Leiðarljós aðalskipulagsins.....	4
3.1	Fráveitulögn:	4
3.2	Miðbæjarsvæði:	5
4	UMHVERFISMAT ÁÆTLANA	6
4.1	Fráveitulögn	6
4.1.1	Staðhættir	6
4.1.2	Umfang og áherslur umhverfisskýrslu	6
4.2	Miðbæjarsvæði	7
4.2.1	Staðhættir	7
4.2.2	Umhverfisáhrif framkvæmdar	7
4.3	Stefnuskjöl og viðmið hvers umhverfisþáttar sem fjallað verður um.	7
4.4	Tengsl við aðrar áætlanir.....	8
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	8
5.1	Kynning skipulagslýsingar.....	8
5.2	Kynning aðalskipulagsbreytingar.....	8
5.3	Afgreiðsla og gildistaka aðalskipulags	8
6	ÁFANGAR OG TÍMAÁÆTLUN	9



HELSTU VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR

Lýsing þessi, verkáætlun skipulagsáætlunar, er unnin samkvæmt 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og tekur til breytingar á aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030.

Áformaðar aðalskipulagsbreytingar eru háðar umhverfismati í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Í þessari verkáætlun er því einnig lýst umfangi og nákvæmni umhverfismats í samræmi við 2. m.gr. 6 gr. laganna.

Um er að ræða breytingar á tveimur þáttum skipulagsins:

1. **Fráveitulögn:** Leggja þarf affallslögn og þjónustuveg frá niðurdælingarsvæði vestan við Þorbjörn og til sjávar, vestan Grindavíkur. Lögnin mun flytja affallsvökva frá niðurdælingaveitu Svartsengisvirkjunar til útrásar í Arfadalsvík og er í samræmi við stefnu í gildandi aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 en sýna þarf lagnaleiðina á uppdrætti. Lögnin mun fara um svæði sem merkt eru á gildandi aðalskipulagi sem *iðnaðarsvæði, skipulagi frestað, efnistökusvæði, óbyggt svæði, frístundabyggð og svæði á náttúruminjaskrá*. Lögnin verður skilgreind á skýringaruppdrætti sem *fráveita, stofnræsi* og ennfremur verður *hreinsistöð/dælistöð fráveitu* merkt á uppdrátt við útrásina í Arfadalsvík. Gert er ráð fyrir þjónustuvegi samhliða lögninni sem nýtast mun sem aðkoma inn á svæðið og verður gerð grein fyrir honum í greinargerð. Samhliða framkvæmdinni getur komið til lagningar ljósleiðara og háspennustrengs sem komið verður fyrir í lagnaskurði.
2. **Miðbæjarsvæði:** Eftirfarandi landnotkunarflokkar eru nú á svæðinu: *verslunar- og þjónustusvæði, miðsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og opin svæði fyrir sérstakra nota*, sjá nánar á mynd 2. Á svæðinu verða eftirfarandi landnotkunarflokkar eftir breytingu: *miðsvæði, íbúðarsvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir*; þjónustu- og verslunarhúsnæði verður aukið og legu gatna breytt þar sem tengibrautirnar (Austurvegur, Ránargata og Víkurbraut) mætast.

1 FORSENDUR

1.1 FRÁVEITULÖGN:

Tilgangur breytingarinnar er tvíþættur; annars vegar að uppfylla skilyrði starfsleyfis orkuversins í Svartsengi sem kveður á um að yfirborð Bláa lónsins megi hvorki stækka né minnka og vökvaborð þess megi hvorki hækka né lækka og hins vegar að skapa langvarandi örugg rekstarskilyrði orkuversins og Bláa lónsins.

Haft var í huga þegar lagnaleið var valin að hún væri sem styst, að hún myndi liggja eftir þegar röskuðu landi eins og frekast er unnt og að ekki yrðu miklar hæðarbreytingar á leiðinni. Með lagnaleiðinni mun liggja vegur. Hann verður til að byrja með notaður til að þjónusta lögnina en gert er ráð fyrir að hægt verði að nýta hann sem aðkomuleið inn á iðnaðarsvæðin (sem merkt eru i4 og i5 á gildandi aðalskipulagsuppdrætti) og að fyrirhugaðri virkjun við Eldvörp.

1.2 MIÐBÆJARSVÆÐI:

Tilgangur breytingarinnar er að skapa betri umgjörð um lifandi miðbæ í Grindavík með blandaðri starfsemi; verslun, þjónustu og íbúðum og lögð er áhersla að uppbygging falli vel að því byggðamynstri sem fyrir er.



Vatnsvernd

Tillögur um lagnaleið er að öllu leyti utan núverandi vatnsverndarsvæða skv. gildandi aðalskipulagi Grindavíkur.

Náttúruvernd

Nýrsti hluti nýrrar lagnar liggur á kafla innan svæðis á náttúruminjaskrá, Reykjanes, Eldvörp, Hafnaberg. Svæðið er á náttúruminjaskrá vegna sérstæðra jarðmyndana og fuglalífs við ströndina þar sem það teygir sig allt vestur á Reykjanestá og að Hafnarbergi. Í náttúruverndaráætlun 2009-2013 er gerð tillaga um friðlýsingu þessa svæðis. Sunnan niðurdælingarsvæðis liggur lögnin um áður raskað svæði suður fyrir mörk svæðis á náttúruminjaskrá.

Ströndin vestan Grindavíkur er á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts strandgróðurs og fjölskrúðugs fuglalífs. Þar eru og djúpar vatnsfylltar gjár og athyglisverður hraunkantur með sjávartjörnum. Fyrirhuguð útrás liggur um þetta svæði.

Útivist og ferðamennska

Gömul þjóðleið liggur milli Skipsstígs og Árnastígs. Gatan liggur frá Árnastíg til suðausturs og sjá má vörður og vörðubrot á leiðinni og fyrirhuguð lagnaleið þverar þessa þjóðleið. Lagnaleiðin þverar Reykjaveg sem er stikuð gönguleið frá Reykjanesi til Þingvalla. Ströndin vestan Grindavíkur er vinsælt útivistarsvæði og fuglaskoðunarsvæði.

2.2 MIÐBÆJARSVÆÐI:



Mynd 2 Afmörkun svæðisins sem breytingin nær til.

Byggð og atvinna

Í gildandi aðalskipulagi Grindavíkur er stefnt að fjölbreytni í framboði íbúðastærða og íbúðagerða fyrir alla aldurshópa og lögð aukin áhersla á uppbyggingu bæði íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis í elsta bæjarhlutanum upp af höfninni. Ennfremur segir að styrkja skuli miðbæinn til framsækinnar uppbyggingar á sviði þjónustu, menningar- og ferðamála og þar gegni höfnin og elsti hluti bæjarins meginhlutverki í samræmi við mikilvægi þessara þátta í sögu Grindavíkur.

Grindavík er ekki einangrað atvinnusvæði heldur hluti af sameiginlegum vinnumarkaði á Reykjanesi og höfuðborgarsvæðinu og því segir í gildandi aðalskipulagi að lögð verður áhersla á uppbyggingu



nýrra atvinnugreina á sviði nýsköpunar í tækni og iðnaði. t.d. með stofnun auðlindaseturs, sem stað fyrir mennta- og menningarstofnun, nýsköpun, sprotafyrirtæki, jarðvísinda- og líftækni, Fisktækniskóla Íslands o.s.frv. Fjölmörg tækifæri felast í góðu samspili ofangreindra þátta þar sem saman fari nýting auðlinda og tillitsemi við umhverfið, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Um leið verði hlúð að góðri fjölskyldustefnu.

Umferð og samgöngur

Í gildandi aðalskipulagi er lögð áhersla á öryggi allra tegunda samgangna s.s. gönguleiðir, hjólaleiðir, reiðleiðir, bílaumferð, siglingar, flugumferð. Stefnt er að vistvænum ferðamáta með góðu neti göngu- og hjólreiðastíga milli íbúðabyggðar, atvinnusvæða, skóla- og íþróttasvæða.

Verslun og þjónusta

Á miðsvæði eru nú þegar stjórnsýsla og bæjarskrifstofur, ásamt heilsugæslu, bókasafni, og félagsheimilinu Festi, í góðum tengslum við þjónustustofnanir eins og leikskóla, sundlaug og íþróttamannvirki. Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu opinberra stofnana og annarra þjónustufyrirtækja. Í gildandi aðalskipulagi er reiknað með nokkuð meiri þéttingu á svæðinu og nýtingarhlutfalli en annars staðar í bænum eða allt að 1,5–2,0. Skoða þarf vel í deiliskipulagi hvernig aukið byggingarmagn á þessu svæði fellur að nálægri byggð.

3 UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

3.1 FRÁVEITULÖGN

3.1.1 STAÐHÆTTIR

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði lagnaleiðar er að mestu utan byggðar og hraun er einkennandi fyrir svæðið. Frá niðurdælingarsvæði kemur lögnin til með að liggja fyrst um úfið Skipstígshraun. Sunnar liggur leiðin um Blettahraun og eftir því sem sunnar dregur verður hraunið sléttara. Suður undir Nesvegi liggur lagnaleiðin í sandorpnu hrauni. Gróður er fábreyttur á leiðinni, aðallega mólendi, mosi og smárunnar. Á köflum er hraunið vaxið þykum mosa. Slóðar eftir vélknúin farartæki liggja nokkuð víða um hraunið.

Ströndin vestan Grindavíkur er eins og áður segir á náttúruminjaskrá m.a. vegna lífríkis en einnig vegna gjáa og sjávartjarna. Þar er fjölbreytt fuglalíf. Fjallið Þorbjörn er í norðaustri og suðvestan þess tekur við svæði sem var í umsjá varnarliðsins. Þar er enn afgirt svæði. Byggðin í Grindavík er um 1,7 km austan lagnaleiðarinnar. Skammt vestan útrásarinnar er fiskeldisstöð á landi.

Í fornleifarannsókn Katrínar Gunnarsdóttir fundust þrjár fornminjar á framkvæmdarsvæðinu sem tekið var tillit til við staðsetningu á lögninni.

3.1.2 UMFANG OG ÁHERSLUR UMHVERFISSÝRSLU

Helstu umhverfisáhrif vegna framkvæmda við fráveitulögn felast einkum í beinu raski á landi vegna lagnaleiðarinnar og þjónustuvegar og að affallsvökvinn getur haft áhrif á lífríki í sjó.

Telja má að þeir umhverfisþættir sem helst geti orðið fyrir áhrifum af völdum skipulagsins séu jarðmyndanir, landslag og sjónræn áhrif, útivist, gróðurfar, fuglalíf, áhrif á sjó og strönd og áhrif á fornminjar. Þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá verður einnig fjallað um áhrif skipulagsins á þá þætti sem eru forsendur verndunar svæðisins.

Gert er ráð fyrir að við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar verði unnið út frá fyrirliggjandi gögnum.



3.2 MIÐBÆJARSVÆÐI

3.2.1 STAÐHÆTTIR

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði miðbæjarsvæðis er í hjarta þéttbýlis Grindavíkur, um 4.6 ha að stærð. Miðbæjarsvæðið tengir saman hverfi þéttbýlisins vestan og austan, norðan og sunnan. Stjórnsýsla bæjarins er á þessu svæði auk helstu verslana- og þjónustuaðila, heilsugæslunnar, bókasafn bæjarins og Grindavíkurkirkja. Svæðið er frekar gisið, núverandi byggingar standa stakar sem býður upp á litla rýmismyndun á opnum svæðum. Svæðið líður fyrir það í dag að það myndar ekki heildstæðan miðbæjarbrag.

3.2.2 UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDAR

Helstu umhverfisáhrif vegna framkvæmda á miðbæjarsvæði er rask við breytingu á legu tengibrauta, færsla á stofnlögnum sem þeim fylgja og aukið byggingarmagn á svæðinu.

Þétting byggðar á þessu svæði verður töluverð. Áætlað er að reisa nýjar byggingar, um 7200 m² á móti 1170m² sem áætlað er að rífa af núverandi byggingarmagni.

Þeir umhverfisþættir sem metnir verða í umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar eru: landslag og ásjón, umferðaröryggi, áhrif á samfélag.

Gert er ráð fyrir að við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar verði unnið út frá fyrirbyggjandi gögnum.

3.3 STEFNUSKJÖL OG VIÐMIÐ HVERS UMHVERFISÞÁTTAR SEM FJALLAÐ VERÐUR UM.

Umhverfisþáttur	Stefnuskjöl og viðmið
Landslag og sjónræn áhrif	Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Náttúruvinjaskrá, 7. útgáfa, 1996, með síðari viðbótum. Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – stefnumörkun til 2020
Náttúruverndarsvæði	Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd, kaflar VII og VIII. Náttúruvinjaskrá, 7. útgáfa, 1996, með síðari viðbótum. Náttúruverndaráætlun 2009 – 2013. Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – stefnumörkun til 2020.
Jarðfræði og jarðmyndanir	Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd, (kaflar V og VI og 37. gr.). Náttúruvinjaskrá, 7. útgáfa, 1996, með síðari viðbótum. Náttúruverndaráætlun 2009-2013. Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – stefnumörkun til 2020.
Gróður og fuglalíf	Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd, (sjá 1. gr. og 37. gr.). Náttúruvinjaskrá, 7. útgáfa, 1996, með síðari viðbótum. Náttúruverndaráætlun 2009-2013. Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – stefnumörkun til 2020.
Fornminjar	Lög nr. 107/2001 Þjóðminjalög. Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.
Útivist	Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – stefnumörkun til 2020.
Sjór og strandsvæði	Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd (gr. 37). Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skipulagsreglugerð nr. 400/1998 (gr. 4.21). Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – stefnumörkun til 2020.



3.4 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Samkvæmt 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skulu gildandi skipulagsáætlanir vera í innbyrðis samræmi. Í umhverfisskýrslu verður farið nánar í tengsl við aðrar áætlanir.

4 KYNNING OG SAMRÁÐ

Í skipulagslögum nr. 123/2010, gr. 30, 31 og 32 er kveðið á um kynningar og samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila á hinum ýmsu stigum skipulagsferlisins. Í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, gr. 7 er kveðið á um kynningu umhverfisskýrslu fyrir almenning og umsagnaraðila.

4.1 KYNNING SKIPULAGSLÝSINGAR

Skipulagslýsingin ásamt umfjöllun um umfang og nákvæmri umhverfisskýrslu verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Almennungi gefst kostur á að kynna sér lýsinguna sem mun liggja frammi á heimasíðu Grindavíkurbæjar og á skrifstofu Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, frá 8. október til 22. október á skrifstofutíma 09:30 til 15:00.

Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum og ábendingum.

4.2 KYNNING AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

Áður en tillaga að aðalskipulagsbreytingu er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn verður hún forkynnt á vef Grindavíkurbæjar. Forkynningin verður auglýst í dagblöðum og Víkurfréttum.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingu skal hún auglýst á sama hátt og kveðið er á um varðandi auglýsingu aðalskipulags, í að lágmarki sex vikur. Tillagan verður auglýst í dagblöðum sem gefin eru út á landsvísu, Víkurfréttum og Lögbirtingablaðinu. Tillagan mun jafnframt liggja frammi hjá Skipulagsstofnun og á skrifstofu og heimasíðu Grindavíkurbæjar. Á auglýsingartíma verður hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

4.3 AFGREIÐSLA OG GILDISTAKA AÐALSKIPULAGS

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal bæjarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Hafi borist athugasemdir skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst.

Senda skal Skipulagsstofnun aðalskipulag sem samþykkt hefur verið í sveitarstjórn ásamt athugasemdum og umsögnum um þær innan tólf vikna frá því að frestur til athugasemda rann út. Jafnframt skal sveitarstjórn senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu afgreiðslu og umsögn sveitarstjórnar um þær. Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að aðalskipulagsbreytingu barst henni staðfesta tillöguna og auglýsa í B-deild stjórnartíðinda. Þegar þessu ferli er lokið tekur áætlunin gildi.

Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Orkustofnun
- Fornleifavernd ríkisins
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
- HS Veitur



5 ÁFANGAR OG TÍMAÁÆTLUN

Eftirfarandi er gróf tímaáætlun helstu áfanga aðalskipulagsbreytingarinnar.

September 2012	Skipulagslýsing og umfjöllun um umfang og nákvæmni umhverfisskýrslu send Skipulagsstofnun til umsagnar
September 2012	Skipulagslýsing kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum
Október 2012	Afgreiðsla bæjarstjórnar á aðalskipulagsbreytingu til forkynningar
Október - nóvember 2012	Forkynning tillögu að aðalskipulagsbreytingu
Desember 2012	Afgreiðsla bæjarstjórnar á tillögu að aðalskipulagsbreytingu
Janúar - febrúar 2013	Aðalskipulagstillaga auglýst lögformlega
Febrúar 2013	Úrvinnsla úr athugasemdum. Umfjöllun í sveitarstjórn.
Febrúar 2013	Samþykkt aðalskipulagsbreytingar í skipulags- og umhverfisnefnd og bæjarstjórn.
Febrúar 2013	Niðurstaða bæjarstjórnar auglýst.
Mars 2013	Samþykkt aðalskipulagsbreyting send Skipulagsstofnun
Mars 2013	Auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda, gildistaka.

SAMÞYKKT SKIPULAGSLÝSINGAR

Lýsing þessi, sem er í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

bæjarstjórn Grindavíkur þann _____ 2012

Bæjarstjóri